

2000090051
2506; 2000; 9310

Vegagerðin
Jónas Snæbjörnsson
Borgartúni 5 og 7
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. febrúar 2001
/--

Efni: Reykjanesbraut. Breikkun milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um breikkun Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur.

Skipulagsstofnun barst með bréfi dags. 19. desember 2000 tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun:

Vegagerðin, Hönnun hf.: Reykjanesbraut; breikkun á milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur. Tillaga að matsáætlun, 18. desember 2000.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Vatnsleysustrandarhreppi, Reykjanesbæ, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands og veiðimálastjóra. Tillagan var einnig kynnt Hafnarfjarðarbæ og Varnarmálaskrifstofunni. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Vatnsleysustrandarhreppi með bréfi dags. 15. janúar 2001, Reykjanesbæ með bréfi dags. 18. janúar 2001, Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 10. janúar 2001, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 3. janúar 2001, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 15. janúar 2001, Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 19. janúar 2001 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 3. janúar 2001. Athugasemdir bárust frá Hjörleifi Guttormssyni með bréfi dags. 8. janúar 2001, Landsamtökum hjólreiðamanna með tölvupósti dags. 23. janúar 2001 og Íslenska fjallahjólaklúbbinum með tölvupósti dags. 24. janúar 2001. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 19. janúar 2001 og með bréfi dags. 1. febrúar 2001.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir

framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim athugasemdum sem gerð er grein fyrir hér að neðan.

Efnistaka

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kemur fram að heildarefnisþörf vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar er um 800.000 m³ og þar af þurfi að fá um 500.000 m³ af efni úr námum af svæðinu en ekki liggi fyrir nákvæmlega með hvaða hætti staðið verði að efnistöku þar sem það verði í höndum væntanlegs verktaka en ekki framkvæmdaraðila.

Í matsskýrslu þarf að gera grein fyrir efnistöku og meta umhverfisáhrif þar sem fyrirhugað er, eða til greina kemur, að taka efni til framkvæmdarinnar. Vert er að benda á 48. gr. laga um náttúruvernd þar sem fram kemur að áður en leyfi er veitt til náms jarðfna skv. 47. gr. laganna skal liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði. Vakin er athygli á umsögn Hafnarfjarðarbæjar þar sem fram kemur að ekki liggi fyrir rekstrarleyfi á námum í landi Hafnarfjarðar sem hægt verði að ganga í. Ennfremur er vakin athygli á að Náttúruvernd ríkisins leggst gegn því að tekið verði efni úr aflagðri námu í Arnarseturshrauni. Sé ætlunin að taka efni úr opnum efnistörustöðum með tilskilin leyfi þarf að vera tryggt að fyrir liggi að fá megi nægilegt efni til framkvæmdanna úr þeim efnistörustöðum sem tilgreindir eru. Sé ætlunin að taka efni úr öðrum efnistörustöðum þarf að lýsa þeim og fyrirhugaðri efnistöku úr þeim og gera grein fyrir og meta umhverfiáhrif þeirrar efnistöku í matsskýrslunni. Að öðrum kosti kann að þurfa að vinna sérstakt mat á umhverfisáhrifum fyrir hvern efnistörustað.

Aðrir kostir

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kemur fram að gerð verði grein fyrir þeim möguleika að breikka Reykjanesbraut í þriggja akreina veg og núll-kosti þ.e. að halda veginum óbreyttum.

Í matsskýrslu verði fjallað ítarlega um alla þá kosti sem til greina koma og þeim verði m.a. gerð skil með teikningum/kortum. Skipulagsstofnun tekur undir framkomnar ábendingar um að fjallað verði um þann kost að leggja rafbraut milli Reykjavíkursvæðisins og Keflavíkurflugvallar. Í matsskýrslu þarf að leggja mat á þörf á breikkun Reykjanesbrautar verði lögð rafbraut milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Vakin er athygli á ábendingum um að við hönnun vegarins verði tekið mið af að þessi kostur geti orðið að veruleika síðar.

Gróðurfar og landslag

Fram kemur í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun að ekki sé gert ráð fyrir að unnin verði gróðurkort af svæðinu eða gróðurlendi afmörkuð á loftmyndum.

Í matsskýrslu verði birtur listi yfir válistategundir sem og sjaldgæfar og sérstæðar jarðmyndanir á framkvæmdasvæðinu. Gróðurlendi, staðsetning sjaldgæfra tegunda og sérstakar jarðmyndanir verði merktar inn á loftmyndir af svæðinu ef einhverjar eru. Vakin er athygli á ábendingum um að við hönnun vegarins verði leitast við að halda hrauni á milli akbrautanna sem víðast öröskuðu. Landmótun og útfærslur vegna umferðaröryggis taki mið af þessu.

Vinnubúðir

Í matsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim stöðum þar sem til greina kemur að setja niður vinnubúðir.

Áfangaskipting

Fjallað verði um mögulega áfangaskiptingu framkvæmdarinnar í matsskýrslu sbr. lið 1 a í 18. gr. reglugerðar nr. 607/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Sjónræn áhrif

Í matsskýrslu þarf að sýna legu fyrirhugaðs vegar og mislægra gatnamóta í landinu m.a. á korti og ljósmyndum þannig að auðveldara sé að glöggva sig á þeim sjónrænu áhrifum sem framkvæmdin muni hafa í för með sér.

Umferðaröryggi

Í matskýrslu þarf að gera grein fyrir mismunandi aðgerðum til að auka umferðaröryggi á Reykjanesbraut. Fram komi tölulegar upplýsingar og samanburður á umferðaröryggi þeirra kosta sem fjallað verður um og hvaða forsendur lagt er upp með miðað við núverandi vitneskju hvað þessa þætti varðar. Vakin er athygli á ábendingum um að við hönnun vegarins verði tekið mið af umferð hjólréiðafólks og gangandi vegfarenda.

Samfélagsleg og þjóðhagsleg áhrif

Í matsáætlun hefði þurft að gera grein fyrir hvaða samfélagsleg áhrif séu talin líkleg að hljótist vegna framkvæmdarinnar og til stæði að fjalla um í matsskýrslu s.s. á byggðir og atvinnuþróun á svæðinu og varanleika áhrifa. Athugun á þessum þáttum þarf að gera skil í matsskýrslu og nota þær og annað það sem kann að mega byggja á til að leggja mat á umhverfisáhrif breikkunar Reykjanesbrautar á þessa þætti. Skipulagsstofnun vill í þessu sambandi benda framkvæmdaraðila á að mögulegt er að hafa samráð við stofnunina um aðferðir við matið og framsetningu þess í matsskýrslu meðan á vinna við matsskýrslu stendur sbr. 5. tl. 13. gr. og 4. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 607/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í ljósi umræðu um hugsanlegan flutning innanlandsflugs frá Reykjavíkurflugvelli til Keflavíkurflugvallar þarf að fjalla um áhrif hans á umferð og umferðaröryggi á Reykjanesbraut og hvaða áhrif hugsanlegur flutningur Reykjavíkurflugvallar hefur á þá kosti sem verða til umfjöllunar í matsskýrslu. Í matsskýrslu þarf að fjalla um arðsemi framkvæmdarinnar og þeirra kosta sem eru til umfjöllunar, m.a. m.t.t. til slysa og annarra forsenda sem hafðar eru til grundvallar við hönnun framkvæmdarinnar. Tekið er undir ábendingar um að gerð verði grein fyrir því hvernig breikkun Reykjanesbrautar ásamt öðrum kostum samræmist stefnu stjórnvalda um losun gróðurhúsalofttegunda.


Skipulag

Í matsskýrslu þarf gera grein fyrir samræmi eftirfarandi atriða við gildandi skipulagsáætlanir: Legu vegar, staðsetningu og stærð efnistökusvæða og staðsetningu og gerð vegamóta. Einnig þarf að vera ljóst í matsskýrslu í hvaða skipulagsáætlanir er verið að vísa, sbr. umfjöllun um útivistarsvæði í kafla 2.3.2 í tillögu að matsáætlun.

Afrit :

Vatnsleysustrandarhreppur, Reykjanesbær, Hafnarfjarðarbær, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, veiðimálastjóri, Hjörleifur Guttormsson, Íslenski fjallahjólaklúbburinn og Landsamtök hjólreiðamanna.


Hólmfríður Sigurðardóttir


Steinar Ingi Mattíasson